



Innsýn í list-, tækni- og heilbrigðisgreinar á Framhaldsskólalbraut

LOKASKÝRSLA 2014-2015

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Verkefnisstjóri: Sigríður Anna Ólafsdóttir

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Innsýn í list-, tækni- og heilbrigðisgreinar á Framhaldsskólabraut
Sigríður Anna Ólafsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Frá skólaárinu 2008-2009 hefur Fjölbrautaskólinn í Breiðholti boðið nemendum úr hverfinu, sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi, upp á nám á braut sem heitir Framhaldsskólabraut. Námsframboð á brautinni hefur takmarkast við íslensku, ensku, dönsku, stærðfræði, tölvur og íþróttir og þótti verkefnisstjóra og öðrum kennurum brautarinnar kominn tími til að auka námsframboð.

Markmið verkefnisins var í upphafi að búa til heilsársáfanga á Framhaldsskólabraut sem höfðaði til styrkleika og áhugasviðs nemenda en um leið að auka námsframboðið. Nýnemar á brautinni áttu að velja á milli þriggja verk-, tækni- og listatengdra námsleiða. Námsleiðirnar voru þrjár:

1. Verktæknileið: Grunnatriði rafvirkjunar og húsasmíði, notkun tölva við hönnun og teikningu auk nýtingar upplýsingatækni. Einföld verkefni í Fab Lab og E-Lab.
2. Listaleið: Grunnatriði í myndlist og fatahönnun, verklegar æfingar og tengsl við menningar- og listalíf. Kynning á helstu forritum sem nýtt eru í myndlist og textílgreinum. Einföld verkefni í Fab Lab og E-Lab.
3. Heilsuleið: Grunnatriði heilbrigðisgreina, íþróttar og þjálfunar, ábyrgð á eigin heilsu og mikilvægi jákvæðrar sjálfsmyndar. Nemendur kynna náttúruperlum í nágrenni Breiðholts, námi í snyrtifræði og á sjúkraliðabraut auk ýmissa starfa með fötluðum.

Allir nemendur sem hófu nám á Framhaldsskólabraut á haustönn 2014 áttu að velja eina þessara námsleiða. Í framhaldinu áttu þeir að geta valið sér áfanga sem tilheyrðu viðkomandi brautum í FB. Hluti af öllum þessum námsleiðum var námstækni og náms- og starfsfræðsla. Með þessu átti að fá nemendur til að efla ábyrgð á eigin námi, koma auga á styrkleika sína, auka víðsýni og finna áhugasvið.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Búnir voru til tveir áfanga sem nú eru hluti af námsframboði á Framhaldsskólabraut í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Áfangarnir voru settir inn á kjarna brautarinnar sem hefur verið samþykkt af menntamálaráðuneytinu. Áfangarnir eru á fyrsta námsþrepi og eru hvor um sig átta framhaldsskólaeiningar. Fyrri áfanginn heitir KYNN1VN08 og síðari áfanginn heitir

KYNN1VO8. Allar áfanga- og námslýsingar voru settar í námsgrunn menntamálaráðuneytis og eru aðgengilegar þar og á vefsíðu skólans, www.fb.is.

Hér má sjá þá áfanga sem eru í kjarna Framhaldsskólabrautar:

KJARNI BRAUTAR

KJARNI				Prep 1	Prep 2	Prep 3
Námshætt	Námshætt	Námshætt	Námshætt			
Danska	DANS	1UN05	1US05	10	0	0
Enska	ENSK	1AR05	1AS05	10	0	0
Félagsvísindi	FÉLV	1SF05		6	0	0
Íslenska	ÍSLE	1UA05	1UB05	10	0	0
Íþróttir	IDRÓ	1AÍ02	1GH02	4	0	0
Kynning	KYNN	1VN08	1VO8	16	0	0
Lífsteikni	LÍFS	1ÉG03		3	0	0
Skýndihjálp	SKYN	2EÁ01		0	1	0
Stærðfræði	STÆR	1BA05	1BB05	10	0	0
Upplýsingatækni	UPPT	1UA05	1UB05	10	0	0
Fj. ein.				80	79	1
0						0

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Í upphafi var ætlunin að byrja að kenna fyrri áfangann á haustönn 2014 en töfluggerðin reyndist erfið og ekki hægt að raða þeim sex kennurum sem ætluðu að kenna áfangana í sömu stokka, búið var að ráðstafa tíma þeirra í annað. Sama hvað reynt var náðist ekki að púsla töflunum saman. Á síðustu stundu var kennslu frestað til vorannar. Í fyrstu voru þetta mikil vonbrigði en eftir á að hyggja var seinkunin til góðs. Hægt var að ræða betur um útfærslu áfangans og fá fleiri til að koma að þeirri vinnu. Verkefnið breyttist mikið á tímabilinu og þegar þessi skýrsla er skrifuð er það enn í þróun. Helsta breytingin fólst í því að láta nemendur ekki velja sér námslínu innan áfangans heldur skipta áfanganum upp í þessar þrjár áður nefndu línur og láta nemendur fara í gegnum þær allar á einni önn í stað tveggja. Á seinni önninni myndu nemendur fara í gegnum áfanga þar sem lögð væri áhersla á nærumhverfið, samfélagsþjónustu og starfsfræðslu. Með þessu myndu nemendur kynnast fleiri fögum en þeim sem tengjast þeirra áhugasviði. Það eykur víðsýni og gefur nemendum betri yfirsýn yfir það námsframboð og tækifæri sem skólinn og samfélagið bjóða upp á. Við notum inna.is og hún býður aðeins upp á tvær annir eins og staðan er nú og því kerfislega flókið og þungt að halda einum áfanga opnum milli anna.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnis

Fyrirkomulagið er flókið í útfærslu því Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er áfangaskóli, ekki bekkjaskóli. Hver og einn nemandi fær einstaka stundatöflu sem og kennari. Það krafðist mikillar þolinmæði, yfirlegu og samvinnu að púsla saman stundatöflum tæplega 50 nemenda og sex kennara af ólíkum námsbrautum.

Viðveruskráningin vafðist einnig fyrir okkur. Þegar kennarar opna hópinn til að skrá viðveru á inna.is kemur allur nemendahópurinn upp, þó svo að hver kennari sé aðeins með 1/3 af hópnum hverju sinni. Við höfum enn ekki fundið leið til að breyta þessu á inna.is og því verður utanumhald um mætingar örlítið flókið.

Hópastærðirnar hafa truflað okkur. Á haustönn ár hvert, hefja um 40 til 50 nemendur nám á Framhalssskólabraut. Hóparnir verða því ansi stórir. Þetta hefur reynst kennurum erfitt í greinum eins og textíl, hönnun, Fab Lab og húsasmíði. Þegar allir mæta er þröng á þingi og mikið um að vera.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Kennarar sem kenna áfangana koma af Sjúkráliðabraut, Íþróttabraut, Myndlistar- og Textílabraut, Húsasmíðabraut, Rafvirkjabraut, Tölvubraut og umsjónarmaður verkefnisins er bóknámskennari og fagstjóri á Framhaldsskólabraut. Að vinna með þessu fólki, sameina reynslu og mikla fagþekkingu er afar dýrmætt bæði fyrir okkur kennarana og ekki síst nemendur. Áfangastjóri, fagstjórar brautanna sjö og námsráðgjafar komu einnig að verkefninu og þeirra þekking og innlegg skipti miklu. Þeir leystu kerfisleg vandamál og voru kennurum innan handar við skipulagningu.

Kennarar fengu frjálssar hendur þegar kom að því að skipuleggja námið en áhersla var lögð á að verkefnið væru hagnýt og ekki of flókin. Þetta gerir það að verkum að nemendur fá fjölbreytta kennslu frá ólíkum sérfræðingum um efni sem bæði getur nýst þeim í áframhaldandi námi, ýtt undir áhuga þeirra á námsleið og hjálpað þeim í daglegu lífi.

Mat á verkefningu samkvæmt umsókn

Áfangarnir tveir eru líkt og áður segir hluti af kjarna Framhaldsskólabrautar í Fjölbautaskólanum í Breiðholti. Fyrri áfanginn er fullmótaður og hefur verið kenndur tvisvar en sá síðari er enn í mótun. Áfangarnir eru á fyrsta námsprepi og eru hvor um sig átta framhaldsskólaeiningar.

Niðurstöður verkefnisins

Áfangarnir tveir eru komnir til að vera. Þeir eru hluti af kjarna Framhaldsskólabrautar sem hefur verið samþykkt af menntamálaráðuneytinu. Fyrri áfanginn er fullmótaður en sá síðari er enn í mótun og á eflaust eftir að breytast nokkuð á næstu önn/önnum.

Í fyrri áfanganum mæta nemendur þrisvar sinnum í viku og eru 120 mínútur í hvert sinn. Einu sinni í viku hittir allur hópurinn tvo kennara sem halda utan um áfangann og skipulag hans. Þeir vinna að verkefnum sem tengjast skólamenningunni og sjálfsmynd þeirra. Í þessum tímum hafa komið margir góðir gestir eins og t.d. læknanemar, fulltrúar frá Stígamótum og bráðalæknir sem fjallaði um afleiðingar umferðaslysa. Tvisvar í viku sækja nemendur tíma í námslínunum þremur. Þar er hópnun skipt upp í þrennt. Nemendur læra grunnhugtök og vinnubrögð í myndlist, hönnun, textíl, Fab-Lab, húsasmíði, rafvirkjun, heilbrigðisfræði og íþróttum. Verkefningin sem nemendur vinna eru hagnýt og lýsandi fyrir hverja námsbraut. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, ábyrgð nemandans og sköpun.

Í síðari áfanganum er nemendahópnun skipt upp í tvennt. Nemendur mæta þrisvar sinnum í viku og eru 120 mínútur í hvert sinn. Nemendur læra fjölmiðlalæsi, umhverfisvitund þeirra er eflað, þeir heimsækja fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu og læra námstækni og hugræna athyglismeðferð með hjálp námsráðgjafa. Haldið er áfram með hreyfingu og hún tengd við nærumhverfi skólans en hér er ein flottasta líkamsræktarstöð landsins, sundlaug, íþróttahús og náttúruperlan Elliðaárdalur. Í áfanganum gegna nemendur samfélagsþjónustu í stuttan tíma. Reynt er að leyfa þeim að velja sér verkefni eftir áhugasviði, eins og t.d. vinna á leikskóla, aðstoða nemendur af starfsbraut skólans, hjálpa til í grunnskólanum á svæðinu, koma að ummönnun dýra og vinna með öldruðum. Lögð er áhersla á að nýta sem best þann fjölbreytta sérfræðingahóp sem vinnur við skólann og koma fjölmargir kennarar og námsráðgjafi að kennslunni.

Nemendur eru almennt ánægðir með áfangana. Námsefnið er gríðarlega fjölbreytt og allir finna eitthvað við sitt hæfi. Eitt af markmiðunum var að víkka út sjóndeildarhring

nemenda og tekst það svo sannarlega. Nemendur hafa talað um að þeir hafi kynnst og fjallað um hluti sem þeim datt ekki í hug að ættu eftir að verða á vegi þeirra. Kennarar hafa einnig lýst jákvæðri upplifun sinni. Það er gaman að vinna þverfaglega vinnu og um leið kenna og stýra fjölbreyttum og krefjandi nemendahópi.

Þrátt fyrir hnökra í upphafi og miklar breytingar á verkefninu náðust flest markmiðin. Námsframboð brautarinnar hefur aukist og fleiri kennarar af flestum brautum skólans koma að kennslu á Framhaldsskólabraut fyrsta árið. Nemendur brautarinnar kynnst í verki öllum námsleiðum skólans og geta fljótlega tekið meðvitaða ákvörðun um hvaða leið þeir vilja fara í sínu námi. Við trúum því að við höfum fleiri vopn í hendi þegar kemur að baráttu við brottfall þegar við getum boðið upp á áfanga eins og kynningaráfangann. Þetta hefur ekki verið mælt sérstaklega þar sem áfanginn hefur verið kenndur í stuttan tíma en við munum á næstu önnum fylgjast sérstaklega með því.


Næstu skref eru ljós. Áfanginn er í kjarna brautarinnar og verður kenndur ár hvert. Það er von okkar að við munum á næstu önnum getað boðið fleiri nemendum að ská sig en það mun fara eftir því hversu margir nemendur verða innritaðir inn á Framhaldsskólabraut hverju sinni.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið hefur verið kynnt fyrir stjórnendum skólans og orðið hluti af tveimur áföngum sem tilheyra námskrá hans. Upplýsingar um áfangana má finna í námsgrunni menntamála-ráðuneytisins og á heimasíðu skólans.

Fagstjórar og umsjónarmenn Framhaldsskólabrauta í framhaldsskólum hittast reglulega, ræða saman um skólastarfið og miðla hugmyndum. Ekki liggur fyrir hvenær næsti fundur er en þegar af verður mun verkefnið verða kynnt þar sérstaklega.

Reykjavík, 11. nóvember 2016



Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari



Sigríður Anna Ólafsdóttir verkefnisstjóri